

29. apríl 2015

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á fyrsta ársfjórðungi 2015:

## Umtalsverð hagnaðaraukning á fyrsta ársfjórðungi 2015

Árshlutareikningur Fjarskipta hf. fyrir fyrsta ársfjórðung 2015 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 29. apríl 2015.

- Hagnaður tímabilsins nam 236 m.kr., sem er 75% aukning frá fyrsta ársfjórðungi 2014.
- EBIT hagnaður nam 395m. kr. og hækkaði um 37% milli ára
- EBITDA hagnaður ársfjórðungsins nam 719 m.kr. og hækkaði um 13% milli ára.
- Framlegðaraukning nam 5% á ársfjórðungnum á milli ára.
- Rekstrarkostnaður lækkaði um 3% á milli ára.
- Eiginfjárhlutfall var 54,1%.
- Handbært fé frá rekstri 539 m.kr., 175% hærra en á sama tímabili 2014.

### Lykiltöluyfirlit:

	1F 2015	1F 2014	Breyt.	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	3.251	3.173	78	2%
Kostnaðarverð	(1.740)	(1.738)	2	0%
Framlegð	1.511	1.435	76	5%
Rekstrarkostnaður	(1.116)	(1.147)	-31	-3%
EBITDA	719	635	84	13%
EBIT	395	288	107	37%
Hrein fjármagnsgjöld	(97)	(121)	-24	-19%
Hagnaður tímabilsins	236	135	101	75%
<i>Framlegð (%)</i>	<i>46,5%</i>	<i>45,2%</i>		
<i>EBITDA %</i>	<i>22,1%</i>	<i>20,0%</i>		
<i>EBIT %</i>	<i>12,2%</i>	<i>9,1%</i>		


## Stefán Sigurðsson, forstjóri:

„Árið 2015 fer vel af stað hjá félaginu með bestu afkomu fyrsta fjórðungs í sögu félagsins. Tekjur vaxa á sama tíma og rekstrarkostnaður, afskriftir og fjármagnsgjöld lækka sem skilar 75% aukningu hagnaðar á milli ára.

Uppbygging dreifisvæðis Vodafone á sviði 4G háhraðanets heldur áfram af fullum krafti, en kerfið nær nú til tæplega 83% landsmanna. Uppbygging heldur áfram á árinu og mun ekki einungis snúa að styrkingu háhraðanets á landi heldur einnig til sjófarenda á helstu miðum í kringum landið fyrir árslok. Þannig leitumst við við að stórbæta þjónustu okkar við sjávarútveginn.

Á ársfjórðungnum fögnuðum við einnig merkum áfanga þegar nýtt stafrænt dreifikerfi tók alfarið yfir dreifingu RÚV í lofti sem nær til 99,9% landsmanna. Við höfum áður lýst því yfir að við hyggjumst fylgja þessum áfanga eftir með frekari nýjungum í sjónvarpsþjónustu. Nýverið kynntum við til sögunnar, Vodafone PLAY áskriftarveitupjónustu (e. SVOD) hannaða fyrir íslenskan markað, sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Tekur þjónustan mið af aukinni eftirspurn viðskiptavina eftir gagnvirku sjónvarpi en við höfum til dæmis séð samanlagðar pantanir í tímaflakki og leigunni vaxa um 56% frá upphafi árs 2013 til loka mars. Við finnum fyrir miklum áhuga á þessari nýju þjónustu meðal viðskiptavina en fyrstu 10 dagana sem hún var í loftinu voru pantanir á efni í kringum 45.000 talsins. Næsta skref á þessu sviði verður að gera sjónvarp aðgengilegt í öllum snjalltækjum sem við stefnum á að kynna okkar viðskiptavinum á fyrri helmingi ársins.“

Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2011



## Rekstrarafkoma á fyrsta ársfjórðungi 2015:

Tekjur samstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi 2015 námu 3.251 m.kr. og hækkuðu um 2% eða 78 m.kr. frá sama ársfjórðungi 2014. Flokkun tekna er breytt þar sem vörusala hefur verið tekin úr öðrum tekjum og sértilgreind en heildsöluhluti annarra tekna heimfærður á aðra starfsþætti. Tekjur af vörusölu jukust um 72 m.kr. eða sem nemur 26% á milli fyrstu ársfjórðunga og tekjur af interneti jukust um 37 m.kr. á ársfjórðungnum eða sem nemur 5% á milli ára. Sjónvarpstekjur jukust um 10 m.kr. eða 2% á ársfjórðungnum. Tekjur af farsíma námu 1.120 m.kr. og lækkuðu um 5 m.kr. á milli ársfjórðunga. Aðrar tekjur drógust saman um 9 m.kr. eða 6% á milli tímabila á milli ára.

Framlegð nam 1.511 m.kr. á ársfjórðungnum og hækkaði um 76 m.kr. eða 5% frá sama ársfjórðungi 2014. Rekstrarkostnaður nam 1.116 m.kr. á tímabilinu og lækkaði um 31 m.kr. frá sama ársfjórðungi 2014.

EBITDA hagnaður tímabilsins nam 719 m.kr. og hækkaði um 13% frá sama ársfjórðungi 2014. EBITDA hagnaður hefur ekki verið hærri á fyrsta ársfjórðungi í sögu félagsins. EBITDA hlutfall tímabilsins var 22,1%.

Hrein fjármagnsgjöld á ársfjórðungnum lækkuðu um 19% milli ára og námu 97 m.kr. á tímabilinu.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 298 m.kr. og hækkaði um 131 m.kr. frá sama ársfjórðungi 2014. Reiknaður tekjuskattur var 62 m.kr. Hagnaður fjórðungsins hækkaði um 75% á milli tímabila á milli ára og nam 236 m.kr.


## Sjóðstreymi 1. ársfjórðungs 2015

Handbært fé frá rekstri jókst um 175% á milli ára á fyrsta ársfjórðungi og nam 539 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu 309 m.kr. á ársfjórðungnum sem er 100 m.kr. lækkun frá sama ársfjórðungi 2014. Breytinguna er meðal annars að rekja til frambungna fjárfestinga félagsins á árinu 2014 m.a. vegnar styrkingar á sjónvarpsdreifikerfi félagsins vegna dreifi- og þjónustusamnings við RÚV.

Fjármögnunarahreyfingar skýra meðal annars hluti arðgreiðslu á tímabilinu, 219 m.kr., og endurkaup félagsins á eigin hlutum, fyrir 13 m.kr.

Handbært fé í lok ársfjórðungsins nam 600 m.kr. sem var 72 m.kr. hærra en í upphafi fjórðungsins.

**Sjóðstreymi á 1F**  
Breytingar á tímabilinu



## Efnahagur 31. mars 2015:

Efnahagur félagsins var sterkur í lok fyrsta ársfjórðungs 2015. Eigið fé í lok tímabilsins var 8.462 m.kr. Eiginfjárhlutfall var 54,1%. Heildarskuldir samstæðunnar voru 7.186 m.kr., þar af voru vaxtaberandi skuldir 5.184 m.kr. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 4.584 m.kr. og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði sl. 12 mánaða 1,4. Veltufjárhlutfall var 1,6.



## Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar á fyrsta ársfjórðungi 2015:

- Háhraðapjónustusvæði Vodafone heldur áfram að stækka með hraði. Uppbygging háhraða 4G sambands Vodafone út á hafflötinn er einnig í örum vexti sem þýðir stórbætta þjónustu og aukið öryggi fyrir sjófarendur. Uppbyggingin á dreifikerfinu út á haf er unnin í samstarfi við útgerðarfélög og aðra aðila sem eiga hagsmuna að gæta sem þegar hefur orðið til að fjölga í hópi viðskiptavina úr þessum geira. 4G þjónustusvæði Vodafone nær nú til tæplega 83% landsmanna, og er uppbyggingu hvergi nærri hætt.
- Kafaskil urðu í íslenskri fjarskiptasögu þann 2. febrúar sl. þegar slökkt var á gamla hliðræna dreifikerfi RÚV og nýtt stafrænt kerfi Vodafone tók við. Verkefnið hófst árið 2013 með því að Vodafone vann útboð á móti TeleNor. Verkið vannst í góðu samstarfi við RÚV og var alla tíð á áætlun. Nýtt kerfi færir 99,9% landsmanna útsendingar í stórbættum gæðum og aukið úrval af sjónvarpsefni.
- Samkeppniseftirlitið hefur veitt samþykki sitt fyrir rekstri samrekstrarfélags Vodafone og NOVA, að vissum skilyrðum uppfylltum. Samningaviðræður standa yfir og ganga í samræmi við áætlanir. Þar sem um er að ræða sameiningu tveggja dreifikerfa er umfang viðræðna nokkuð en mikilvæg grunnvinna er nú þegar að baki. Búast má við að dragi til tíðinda fyrir lok annars ársfjórðungs, að öðru leyti vísast til fyrri tilkynninga.
- Nýverið bárust fréttir af því að tekist hafi að tryggja fjármögnun AEConnect – verkefnisins, áður þekkt sem Emerald verkefnið. Um er að ræða þann hluta þess sem liggur yfir Atlantshafið og myndi tengja mögulegan Íslandslegg við Evrópu og Bandaríkin. Gangi Atlantshafshlutinn eftir, eins og komið hefur fram í fjölmiðlum, er það mikilvæg forsenda fyrir næsta skrefi sem lyti að fjármögnun Íslandstengingar. Í augnablikinu liggja engar upplýsingar fyrir um fjárfestingu á strengnum til Íslands og er verkefnið því áfram háð nokkurri óvissu. Áfram gildir að Fjarskipti hf. verður ekki fyrir neikvæðum fjárhagslegum áhrifum þótt ekki verði af verkefninu.
- Gildistími endurkaupaáætlunar eigin bréfa félagsins, sem tilkynnt hafði verið um í ágúst 2014, rann út 28. febrúar 2015. Endurkaupin undir framangreindri endurkaupaáætlun námu 49.651.100 kr. að nafnverði.
- Á aðalfundi félagsins þann 19. mars 2015 var samþykkt tillaga stjórnar um að hlutfé félagsins skyldi lækkað um 46.261.100 kr. að nafnverði eða sem nemur 4.626.110 hlutum á grundvelli VIII kafla laga nr. 2/1995, um hlutfélög, til jöfnunar eigin hluta. Lækkunin tók einungis til eigin hluta félagsins sem félagið hafði eignast með kaupum undir ofangreindri endurkaupaáætlun og miðaðist við stöðu endurkaupa við lok síðasta reikningsárs. Eftir lækkunina stendur nafnverð hlutfjár félagsins í 3.362 m.kr.
- Á aðalfundi félagsins var jafnframt samþykkt að greiddur yrði út 20% arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2014. Arðsfjárhæð á hlut var því 0,65 kr. Arðurinn var greiddur út hinn 31. mars 2015 og nam heildargreiðslan 219 m.kr., þegar tekið hafði verið tillit til eigin hluta.
- Á tímabilinu barst Fjarskiptum hf. krafa frá Símanum um skaðabætur að fjárhæð 400 m.kr. vegna meintrar ólögsmætrar notkunar á vörumerkinu Tímaflakk. Fjarskipti hf. telja ekki grundvöll fyrir kröfunni. Ágreiningur er um skráningu Símans á vörumerkinu sem ekki hefur verið til lykta leiddur auk þess sem Fjarskipti hf. telur fjárhæð bótaskyldu í engu samræmi við málsatvik og dómafordæmi.
- Tvær stefnur vegna innbrots á heimasíðu Fjarskipta hf. í nóvember 2013 bárust félaginu á fyrsta ársfjórðungi 2015. Í báðum tilfellum er gerð krafa um bætur vegna tjóns sem einstaklingur telur sig hafa orðið fyrir í kjölfar innbrotsþjófnaðar og í kjölfarið dreifingu þjófsins og annarra á hinum stolnu gögnum. Kröfurnar hljóða annars vegar upp á 8 m.kr. og hins vegar 90 m.kr. Lögmennt félagsins vinna nú að greinargerð en ekki liggur fyrir hvenær aðalmeðferð verður. Fjarskipti hf. álitur, telji dómstólar félagið yfirleitt bótaskyldt, líklegt að dæmdar fjárhæðir í þessum eða öðrum hliðstæðum málum sem boðuð hafa verið, hafi í öllu falli óveruleg áhrif á rekstur og efnahag félagsins. Fyrir liggur að stefnufjárhæð, einkum í annarri stefnunni, er í engu samræmi við dómafordæmi í skaða- og miskabótamálum hér á landi. Að öðru leyti vísast til skýringa 4 og 5 um ágreiningsmál í árshlutareikningi.



## Horfur fyrir afkomu á árinu 2015

Áður uppgæfnar horfur fyrir rekstrarárið 2015 eru óbreyttar.

- EBITDA hagnaður ársins 2015 verði á bilinu 3,1 til 3,3 milljarður króna.
- Fjárfestingarhlutfall verði á bilinu 10,5 til 11,5%.

## Kynningarfundur 30. apríl 2015:

Opinn kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 30. apríl 2015 í höfuðstöðvum Vodafone að Skútuvogi 2. Á fundinum munu Stefán Sigurðsson, forstjóri, og Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, kynna uppgjörið og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 8:30 en boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8:00.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á [www.vodafone.is/fjarfestatengsl](http://www.vodafone.is/fjarfestatengsl) og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.

Hægt er að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vefslóðinni [www.vodafone.is/fjarfestatengsl](http://www.vodafone.is/fjarfestatengsl).

## Fjárhagsdagatal 2015:

- |                                 |                  |
|---------------------------------|------------------|
| ✓ Uppgjör 2F 2015:              | 19. ágúst 2015   |
| ✓ Uppgjör 3F 2015:              | 28. október 2015 |
| ✓ Uppgjör 4F og ársuppgjör 2015 | 17. febrúar 2016 |

Aðalfundur 2016 verður haldinn í viku 11 árið 2016.

## Frekari upplýsingar:

- ✓ Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, almanna- og fjárfestatengill, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið [fjarfestatengsl@vodafone.is](mailto:fjarfestatengsl@vodafone.is) eða í síma 669-9151.